

# Líftrygging Sótt dauðabætur

## Vátryggingarskilmálar nr. LI40

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LI40.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Réttthafar
3. Bótasvið
4. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings
5. Greiðsla iðgjalds
6. Endurgreiðsla iðgjalds
7. Vátryggingarfjárhæð
8. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs
9. Skuldajöfnun
10. Uppsögn á vátryggingartímabili
11. Tilkynning um vátryggingaratburð
12. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
13. Svíksamleg háttsemi
14. Krafa um bætur
15. Vextir af bótafjárhæð
16. Fyrning
17. Endurkaup
18. Tilkynning um aðsetursskipti
19. Gjaldmiðill
20. Meðferð ágreiningsmála
21. Varnarþing

### 1. Vátryggður

Vátryggingin gildir fyrir sjómenn sem starfa hjá vátryggingartaka.

### 2. Réttthafar

Rétt til bótanna eiga eftirlifandi maki vátryggðs eða eftirlifandi börn hans innan 18 ára aldurs. Með maki er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Láti skipverjinn ekki eftir sig maki eða börn samkvæmt framansögðu skal greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta.

### 3. Bótasvið

- 3.1 Félagið greiðir dánarbætur ef skipverji veikist um borð í skipi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun meðan það er á siglingu og veikindin leiða hann til dauða innan tveggja mánaða.
- 3.2 Félagið greiðir ekki bætur ef veikindi eru rakin til hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar veikinda verða meiri vegna framangreindra atriða.

### 4. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings

- 4.1 Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð vátryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 4.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 4.3 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

### 5. Greiðsla iðgjalds

- 5.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 5.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu vátryggingarsamningsins, sbr. 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 6. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

## 7. Vátryggingarfjárhæð

- 7.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Vátryggingarfjárhæðin er háð aldri vátryggðs og lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að vátryggður nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- 7.3 Vátryggingarfjárhæðin breytist ársfjórðungslega í sama mæli og vátryggingarfjárhæðir samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

## 8. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs

- 8.1 Ábyrgð félagsins gagnvart sjómanni hefst þegar hann hefur störf hjá vátryggingartaka.
- 8.2 Vátryggingin fellur niður gagnvart sjómanni þegar hann hættir störfum hjá vátryggingartaka.

## 9. Skuldajöfnun

Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn vátryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 122. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Uppsögn á vátryggingartímabili

- 10.1 Félagið getur sagt upp vátryggingunni:
  - 10.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
  - 10.1.2 Fyrirvaralaust ef vátryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10.2 Félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sem það hefur gert við vátryggingartaka ef hann hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.
- 10.3 Vátryggingartaki getur slitið vátryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

## 11. Tilkypping um vátryggingaratburð

Þegar vátryggingaratburður hefur orðið skal réttihafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

## 12. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

- 12.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- 12.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur vátryggður þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 13. Sviksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur sviksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé um fleiri vátryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama vátryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 14. Krafa um bætur

Réttihafi getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út fjárhæð bótanna, sbr. 121. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 15. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 16. Fyrning

Krafa um vátryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.

## 17. Endurkaup

Vátrygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

## 18. Tilkypping um aðsetursskipti

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

## 19. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða vátryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

## 20. Meðferð ágreiningsmála

- 20.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skv. lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 20.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum má skjóta til dómstóla.

## 21. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar-og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu VÍS á slíkum upplýsingum.

## 22. Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af vátryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. október 2018.

Vátryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf.